Nr. 31.
6.
nóv.

Auglýsing

um

austurlenzka kólerusótt í Palermo og fl.

Í tilefni af opinberum skýrslum um hina austurlenzku kólerusótt er hjermeð ákveðið, að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá Palermo. Ennfremur er bannað, samkvæmt lögum 24. okt. 1879 3. gr., að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökra-ull, afklippur af pappír, hár, húðir og ávexti. Lín, föt og sængurfatnað, er menn flytja sem ferðafatnað frá greindri höfn, skal hreinsa undir umsjón af hálfu hins opinbera.

Auglýsing frá stjórnarráði Íslands um austurlenzka kólerusótt í Hull, Grimsby og Konstantinopel o. fl. 30. septbr. þ. á. er úr gildi feld, að því er Hull snertir.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

Lundúnaborg,
hafnir á Sýrlandi,
hafnirnar við Svartahafið og Azowskahafið,
rússneskar hafnir við Eystrasalt og finnska flóann (Kyrjálabotn) og hafnir í Finnlandi,
franskar hafnir við Atlantshafið og sundið millum Englands og Frakklands,
hafnir í Belgíu,
hafnir á Hollandi
þýzkar hafnir við Englandshaf (Norðursjóinn) millum landamæra Danmerkur og Hollands,
hafnir við Saxelfur (Elben),
þýzkar hafnir við Eystrasalt millum landamæra Danmerkur og Rússlands,
franskar hafnir við Miðjarðarhafið,
Neapel,
Grimsby,
Konstantinopel,
Palermo og
allar Egiptalands hafnir.

Bekendtgørelse

Nr. 31.
6te
Novbr.

om

asiatisk Kolera i Palermo m. m.

I Anledning af officielle Meddelelser om den asiatiske Koleras Optræden bestemmes herved, at de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler ville være at iagttage med Hensyn til alle Skibe, der ankomme til Island fra Palermo, ligesom ogsaa i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengeklæder, for saa vidt de nævnte Genstande ikke høre til Personers Rejsegods, Klude, brugt Vat, Kradsuld, Papiraffald, Haar, Huder og Frugt forbydes. Rensning under offentligt Tilsyn af Linned, Klædningsstykker og Sengeklæder, der medbringes som Rejsegods fra den nævnte Havn, paabydes.

Bekendtgørelse fra Ministeriet for Island af 30. Septbr. d. A. vedrørende asiatisk Kolera i Hull, Grimsby og Konstantinopel m. m. ophæves forsaavidt angaar Hull.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed overfor følgende Steder:

London,
syriske Havne,
Havnene ved det sorte og det azowske Hav,
russiske Havne ved Østersøen og den finske Bugt samt finske Havne
franske Havne ved Atlanterhavet og Kanalen,
belgiske Havne,
nederlandske Havne,
tyske Havne ved Nordsøen mellem den danske og den hollandske Grænse,
Havne ved Elben,
tyske Havne ved Østersøen mellem den danske og den russiske Grænse,
franske Middelhavshavne,
Neapel,
Grimsby,
Konstantinopel,
Palermo og
samtlige ægyptiske Havne.

Nr. 31. 6. nóv. Fyrir alla þessa staði, að undanskildum Egiptalands höfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879 3. gr. Svo skal og hreinsa undir umsjón af hálfu hins opinbera lín, föt og sængurfatnað, er menn flytja sem ferðafatnað frá ofangreindum stöðum, að undanskildri Lundúnaborg og höfnum á Sýrlandi og Egiptalandi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 6. nóvember 1893.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.

Nr. 31. 6te Novbr.

Over for samtlige de nævnte Steder med Undtagelse af ægyptiske Havne bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3, hvorhos der er paabudt Rensning under offentligt Tilsyn af Linned, Klædningsstykker og Sengeklæder, der som Rejsegods medbringes fra de nævnte Steder med Undtagelse af London samt syriske og ægyptiske Havne.

Denne Bekendtgørelse træder straks i Kraft.

Hvilket herved bekendtgøres til Efterretning for alle vedkommende.

Ministeriet for Island, den 6te November 1893.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.